

# HÚSÖNDIN

69.tbl. 2.árg.  
3.júlí 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 4.-10.JÚLÍ

- 5.7 Jón Reynir Sigurjónsson, Ásta Kathleen Price,  
Garðar Finnsson, Ingibjörg Hólmgeirsdóttir
- 7.7 Kristján Örn Sævarsson, Margrét Hildur Egilsdóttir
- 8.7 Jóhanna Celina Jakobs
- 9.7 Helgi Arnar Alfreðsson, Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir
- 10.7 Alma Dröfn Benedíktsdóttir, Herdís Steingrímsdóttir

## Sumarlokun hreppsskrifstofu



Skrifstofa Skútustaðahrepps verður lokuð í tvær vikur í sumar, dagana 29. júlí til 9. ágúst, þ.e. sitt hvoru megin við verslunarmannahelgina. Við minnum á að opnunartími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9-12 og 13-15 og á föstudögum frá kl. 9-12.

### **Skútustaðahreppur**

## Ný umhverfisstefna Skútustaðahrepps

Sveitarstjórn hefur samþykkt endurskoðaða umhverfisstefnu Skútustaðahrepps sem umhverfisnefnd hefur unnið að síðustu mánuði. Umhverfisstefnan fór í opinbert umsagnarferli og barst ein umsögn. Umhverfisstefnan er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

### **Skútustaðahreppur**



JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN  
**EMMSJÉ GAUTI**  
**4. JÚLÍ 2019**

**KVEIKJUM Á GRÆJUNUM**  
**KL. 21:00**

**TÓNLEIKARNIR HEFJAST**  
**UM 22:00**

#myvatnnaturebaths

**MIÐAVERÐ kr. 2.990**  
FYRIR BÖÐIN OG TÓNLEIKA  
MIÐAR SELDIR Í AFGREIÐSLU

# Fjárlagakvöld í Skjólbrekku

Föstudaginn 5. júlí kl 20:00

Skemmtilegu fjárlögin verða sungin undir stjórn Margrétar Bóasdóttur og Sólveigar Önnu Jónsdóttur til minningar um Jón Stefánsson, organista. Árlegur viðburður þar sem við komum saman, syngjum og höfum gaman! Kaffi í boði í hléi. :-)

**Aðgangur: 1.000kr**

Bláu og gulu bækurnar verða svo að sjálfsögðu til sölu á staðnum. Sala á bókunum rennur beint í Minningarsjóð Jóns Stefánssonar ([www.minningarsjodurjs.com](http://www.minningarsjodurjs.com))

Bláa Bókin: 2.000kr

Gula Bókin: 2.000kr

Það verður einungis hægt að greiða með reiðufé (eða millifæra á staðnum).

## Spænskir Gítartónleikar í Gamla Bænum

Laugardaginn 6. júlí kl 21:30

Reynir Hauksson gítarleikari spilar þekkt verk fyrir klassískan- og flamenco gítar auk frumsaminnna verka. Fyrir um 150 árum skildu leiðir þessara tveggja hljóðfæra en óumdeilanlegt er að áhrif eiga sér stað á milli þessara tveggja heima.

Efnisskráin sýnir fortíð, nútíð og mögulega framtíð þessara stíla.

**Frítt inn!**



## Kæru fjölskyldur í Þingeyjarsýslum

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Höfn í Hornafirði dagana 1.-4. ágúst n.k. Keppnisrétt hafa allir á aldrinum 11-18 ára og þjóðum við börn fædd árið 2008 og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin að slást í för með okkur í ár. Keppnisgreinarnar eru af fjölbreyttum toga ásamt ýmis konar afþreyingu og skemmtun – kynnið ykkur úrvalið á [www.ulm.is](http://www.ulm.is). Yngri krakkar geta einnig notið sín við fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun sem er í boði.



Unglingalandsmótið er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð sem við hvetjum alla til að mæta á. Góðir styrktaraðilar gera HSP kleift að niðurgreiða mótsgjaldið fyrir þingeysk ungmenni og greiða iðkendur af starfssvæði HSP aðeins kr. 3450,- og geta þá keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja. Aðrir mótsgestir greiða ekkert gjald en geta þó tekið þátt í þeirri afþreyingu og verkefnum sem boðið er upp. Skráning og allar nánari upplýsingar um keppnisgreinar er að finna á [www.ulm.is](http://www.ulm.is). Skráningafrestur rennur út á miðnætti þann 30. júlí.

Við höfum stofnað fésbókarhóp sem kallast „[HSP á unglingalandsmóti](http://www.hsth.is)“, endilega sláist í hópinn þar. Þar gefst tækifæri til að setja inn spurningar, óska eftir liðsfélögum, ásamt því að deila upplýsingum. Einnig getið þið haft samband í s. 896-3107 eða á [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is).

Unglingalandsmótsnefnd HSP

Styrktaraðilar HSP á ULM 2019 – takk fyrir stuðninginn



## Kæru lesendur og viðskiptavinir

Húsöndin verður í sumarfríi 29.júlí - 5.ágúst

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk. 1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804 eða með tölvupósti [husonidin@gmail.com](mailto:husonidin@gmail.com).

Hafið það gott í sumar. Kær kveðja, Arnþrúður

